



Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 12. júní 2026
26011825/501.00 EAÁ

Efni: Ágrip. Athugasemdir við skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag Þríhnúkagíga.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu, í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, skipulagslýsing vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir Þríhnúkagíga og nágrenni. Skipulagslýsing er unnin af Kópavogsbæ.

Skipulagslýsing varðar fyrirkomulag vinnu við gerð nýs deiliskipulags fyrir Þríhnúkagíg og nágrenni og eftir atvikum breytingar á skipulagsmörkum aðliggjandi deiliskipulags. Deiliskipulag Þríhnúkagígs og nágrennis mun taka til Þríhnúka ásamt gönguleiðum og öðrum mannvirkjum vegna aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og útivist. Deiliskipulagsvinnan mun felast í því að móta skýra og heildstæða framtíðarsýn fyrir svæðið.

Kynningartíma lauk 9. júní 2026 (mál nr. 480/2026 í Skipulagsgátt). Á kynningartíma bárust 10 athugasemdir við lýsinguna, ein athugasemd barst eftir að kynningartíma lauk, samtals 11 athugasemdir. Allar athugasemdir verða rýndar og verða eftir atvikum nýttar inn í skipulagsvinnuna.

Helstu viðfangsefni athugasemda varða vatnsvernd og verndarsvæði, fornleifaskráningu, aðgengi, landslag og ásjúnd, orkuöflun og veitur ásamt aðkomu neyðartækja. Sjá nánar í meðfylgjandi umsögnum og samantekt umsagna.

Lagt er til að skipulags- og umhverfisráð samþykki að hafin verði vinna við gerð deiliskipulags fyrir Þríhnúkagíg og nágrenni á grundvelli ofangreindrar skipulagslýsingar og þeirra athugasemda sem bárust á kynningartíma.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Ester Anna Ármannsdóttir
skipulagsfræðingur

